

Margrét Jónsdóttir

„Glasið brotnaðist, amma.“ Viðskeyti eða ekki: Um sagnir sem enda á *-na+st*

1 Inngangur¹

1.1 *na*-sagnir og eðli þeirra

Í íslensku er hópur sagna með viðskeytinu *-na*, sagnir eins og t.d. *brotna*, *hitna*, *kólna*, *rifna* og *stirðna*.² Sagnirnar eru atburðarsagnir sem láta í ljós breytingu á ástandi og eru því oft kallaðar *breytingarsagnir*; það verður gert hér. Í nafni sagnahópsins er merkingin fólgin: Sagnirnar,

¹ Greinina tileinka ég Jóni Rúnari Gunnarssyni (1940–2013), eiginmanni mínum, og barnabarninu, Ásgrími Karli Gröndal, enda er yfirskrift frá honum komin. Með þeim var einstaklega kært. Eitt sinn þegar ljósið á heimilinu, líklega sex ára, var að eldhússtörfum með afa brotnaði glas. Ungi maðurinn taldi rétt að láta ömmu vita af því sem gerst hafði. Ekkert skyldi fara á milli mála. Efnid sem hér er fjallað um var fyrst kynnt á Hugvísindafingi 2013. Þar komu fram margar gagnlegar athugasemdir. Þær ber að þakka, líka þær sem komu frá óþekktum yfirlesurum og ritstjóra tímaritsins.

² Ekki er ljóst hve margar *na*-sagnir málsins eru. Greinarhöfundar á sagnalista með u.þ.b. 160 sögnum. Listinn hefur orðið til í tímans rás. Talan er vafasöm enda lengi von á einum. Það er matsatriði hvort sagnahópurinn telst stór eða ekki. Honum má í grófum dráttum skipta í tvennt. Í öðrum eru misgamlar sagnir sem sumar eru nánast einungis orð á bók, t.d. sagnirnar *bugna*, *strjálna* og *ætna*. Einhverjar eru jafnvel bundnar í föstum samböndum eins og t.d. *skriðna*, sbr. *skriðna fótur* o.fl. Í hinum hópnum eru sagnir sem eru í notkun, mismikilli þó. Þetta eru sagnir eins og t.d. *brotna*, *gulna*, *klofna* og *roðna*.

sem eru áhrifslausar, lýsa því sem frumlagið verður fyrir.³ Breyting verður á ástandi; eitthvað breytist, eykst e.t.v. frá því sem áður var, öðlast nýja eiginleika og jafnvel má líta svo á að um endanlega niðurstöðu eða afleiðingu af tiltekinni athöfn sé að ræða (sbr. einnig Comrie 1981:112–114). Breytingin felur í sér ákveðið ferli frá kyrrstöðu, ástandi sem samtímalega má túlka með *vera* + („kyrrstæðu“) lýsingarorði, t.d. *vera grár*, en niðurstöðunni má lýsa með *verða* + lýsingarorði, t.d. *verða grár/grárri* = *grána*. En fjölmargar sagnir með þessu *na*-viðskeyti hafa bætt við sig viðskeytinu *-st*. Heimildir um þetta ná allt aftur til forn málsins en flestar eru þær þó úr yngra máli. Í *Íslenskri orðabók* (2002) (ÍÓ) og í *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls* (BÍN) eru mörg dæmi um sagnir sem enda á *-na+st*. Nokkur eru einnig í *Ritmálssafni Orðabókar Háskólans* (ROH).

Í greininni verður rakin saga þessara *nast*-sagna og reynt að svara því hver staða *st*-viðskeytisins er. Meginspurningin er hvort viðskeytið *-na* sé ekki einfaldlega dautt sem slíkt og því sé opin leið fyrir *-st* að bætast við. Því þarf að svara spurningunni um það hver merkingarleg staða *-na* er. Í samanburðarskyni verður lítillega litið til samþætilegra sagna með viðskeytunum *-ga* og *-ka*, t.d. *ffölga* og *smækka*, enda eiga þær margt sameiginlegt. Fjölmargar þeirra bæta t.d. við sig viðskeytinu *-st*.⁴

1.2 Myndun *na*-sagna

Sagnir með viðskeytinu *-na* teljast til elsta orðaforða málsins.⁵ Auk orðmyndunarlega einkennisins *-na* einkennir hvarfstig rótar þær margar; dæmi um slíkar sagnir eru t.d. *brotna*, sbr. *brjóta*, og *rifna*, sbr. *rífa*. Samtímalega séð skipta þessi víxl engu. Þau hafa heldur aldrei verið

³ *na*-sagnir eru án geranda. Frumlagið er hins vegar gerandi hjá grunnsögninni, orsakarsögninni, sé hún til staðar. Samkvæmt þessu má líta svo á að *na*-sagnirnar séu merkti hluti andstæðuparsins. Sumir tala um *na*-sagnir (breytingarsagnir) sem þolfallsleysissagnir (e. *unaccusative verbs*).

⁴ Fræðilega séð er það skilgreiningaratriði hvort litið er á *-st* sem dindil (e. *clitic*) eða viðskeyti. Kjartan G. Ottósson (1992:66–69) greinir *-st* sem viðskeyti í forn máli og gerir það mjög sannfærandi. Ekki er annað að sjá en hið sama eigi við um nútímamálið; sjá t.d. Kjartan Ottósson (2013). Á hinn bóginn lítur Wood (2012:100) svo á að *-st* sé dindill í nútímamáli.

⁵ Eins og lesa má hjá Kjartani Ottóssyni (2013:347), sjá líka tilvísanir þar, er uppruna *na*-viðskeytisins að leita í nefhljóðsnútið. Enda þótt sagnirnar séu nánast eingöngu bundnar við gotnesku og norrænu málin telur Kjartan rétt að gera ráð fyrir frumgermanskri fyrirmynd. Fram kemur hjá Kjartani (2013:342) að í norrænum málum séu *na*-sagnirnar miklu fleiri en í gotnesku.

skilyrði við myndunina. Það sýna sagnir eins og t.d. *bóligna* og *stirðna*. En hvernig svo sem hljóðavíxlum er háttað og hver sem tengslin eru við aðrar sagnir er það athyglisvert að *na*-sagnir eru langoftast einn þáttur stærri heildar.⁶ Þetta getur verið þrennd, þ.e. orsakarsögn, breytingarsögn og lýsingarorð, sbr. t.d. *rífa-rifna-rifinn*. Stundum er þó aðeins tvennd eða þar enda vantar orsakarsögnina, sbr. t.d. *bóligna-bólgin*. Í fæstum tilvikum er þó aðeins um breytingarsögnina eina að ræða eins og í tilviki *dvína*. Það sem hér skiptir máli er að til er í málinu fjöldi tiltekinna mállegra mengja þar sem hvert stak hvers mengis er í merkingarlegri andstöðu við hin stökin í menginu. Spurningin er hins vegar sú hversu náin þessi tengsl eru og hvort þau skipta í sjálfu sér nokkru formlegu máli.

Sagnir með viðskeytinu *-na* eru gamlar eins og fram hefur komið. Í því sambandi má vísa til orða Kjartans G. Ottóssonar (1986:114) sem segir efnislega að hin gamla hefð sem í sögnunum sé fólgin hafi komið í veg fyrir að breytingar hafi náð að festa sig til fulls. Hér vísar hann til sagna sömu merkingar sem eru myndaðar á annan hátt. Til hliðsjónar nefnir Kjartan styrk sterkra sagna.

1.3 Skipulag greinarinnar

Í öðrum kafla er stuttur undirkafla um virkni viðskeytanna og sýnt er fram á ólíka stöðu *-na* og *-st*. Einnig er rætt um þá miklu notkunarmöguleika sem falla- og orðmyndunarkerfið býður upp á og í því sambandi skoðaðar sagnir með áður nefndum viðskeytum. Dæmasafnið sem liggur til grundvallar greininni er viðfangsefni þriðja kafla. Í fjórða kafla er hins vegar einkum horft til þess hvort merkingarmunur sé á breytingarsögnum með eða án *-st*. Um orðmyndun er fjallað í fimmta kafla og hin myndunarlega staða *-st* gagnvart *-na* er skoðuð. Í síðasta kaflanum er efnið svo dregið saman.

⁶ Samkvæmt Kjartani Ottóssyni (2013:343) eru *na*-sagnir sögulega séð myndaðar á eftirfarandi hátt: a) dregnar af sterkri sögn, sbr. *rífna-rífa*; b) tengdar lýsingarhætti/orði sem endar á *-inn*, sbr. *fúna-fúinn*; c) leiddar af lýsingarorði, sbr. *hitna-heitur*; d) nafndregnar, sbr. *tréna-tré*. Kjartan nálgast málið líka meira samtímalega; þá koma fram tengsl við veikar sagnir, sbr. *kólna-kæla*. Þess má geta að Haspelmath (1987:9) kallar þær sagnir *fientive* („dínamískar“) sem eru í tengslum við lýsingarorð, þ.e. þar sem X verður Y: *grána* ‘verða *grár*’. Kjartan Ottósson (2013:331) nefnir þetta sérstaklega en kys að tala um antikásatívar sagnir. Hann getur þess jafnframt (2013:330) að samtímalega séð sé ekki hægt að tengja allar antikásatívar sagnir við þær kásatívu. Með öðrum orðum: Spurningin snýst um stöðu áhrifslausrar sagnar, hér breytingarsagnar, andspænis áhrifssögn/orsakarsögn.

Helstu niðurstöður greinarinnar eru þær að sagnir með breytingarmerkingu sem enda á *-nast* hafa verið til og í notkun margar aldir. Allfjölbreyttar heimildir sýna að dæmum hefur fjölgað mjög hin síðari ár. Það að *na*-sagnir bæti við sig *-st* hefur ekki haft neina kerfislega breytingu í för með sér. Það eina sem hefur gerst er að fleiri sagnir en áður nota *st*-endinguna til að tjá breytingarmerkingu. Jafnframt bera aðrir sagnahópar virkni *st*-viðskeytisins með áður nefndri merkingu ljósan vott.

2 Samtímaleg greining

2.1 Um *-st* og *-na* og virkni þeirra

Hlutverk *-st* í niðurlagi sagnar birtist okkur á fleiri en einn máta. Að uppruna er það afturbeygt fornafn sem var samvísandi við undanfara sinn. Inntaksorðið, fornafnið *sig*, jókst að hlutverkum frá því að vera eingöngu fornafn: það var endurtúlkað og fékk þá líka málfræðilegt hlutverk (e. *grammaticalization*); sjá t.d. Hopper og Traugott (1993:150–153). Kjartan Ottosson (2008:202 o.v.) talar um *regrammation* og á þá við að afturbeygða fornafnið, merkingarlaust í sjálfu sér, hafi fengið merkingu, raunar fleiri en eina. Í því sambandi má geta þess að breytingarmerking *st*-sagna er mjög gömul, sbr. Kjartan G. Ottósson (1992:67 o.áfr.)

Anderson (1990:252–254) leggur mikla áherslu á virkni *-st* og breytingarmerkingu þess, einkum í nútímamáli; hann talar á hinn bóginn hvergi um *na*-sagnir. Segja má að virkni *-st* staðfestist í (nýrri) *Slangurorðabók* þar sem nýjar sagnir með breytingarmerkingu eru með viðskeytinu *-st*. Það eru sagnirnar *urlast* ‘verða sturlaður’ (undir *urlaður*) og *ölvast* ‘verða drukkinn’. Sögulega séð er óhugsandi að orð með viðskeytunum *-l* og *-v* bæti við sig *-na* enda þótt viðskeytið sem slíkt sé virkt. Í bókinni er líka lýsingarorðið *tan(n)aður* ‘sólbrúnn’ en án sagnar. Á Netinu má hins vegar finna mörg dæmi um sögnina *tanast*. En þessar þrjár sagnir sýna að myndun með *-st* er eina færa leiðin til að koma breytingarmerkingunni til skila.

Það sem hér hefur verið lýst kemur ekki á óvart: Stór hópur *st*-sagna er leiddur af lýsingarorði. Þetta eru sagnir eins og t.d. *auðgast*, *greennast* og *þreytast*. Merking þeirra er *verða* + („kyrrstætt“) lýsingarorð, t.d. *greennast* ‘verða grannur/grennri’ og *þreytast* ‘verða þreyttur, lúinn’, sbr. ÍO.⁷ Í (1) eru dæmi um sagnirnar *greennast* og *fitna*.

⁷ Sögnin *þreytast* kallar á þá spurningu hvers vegna **þreytna* er ekki til.

- (1) a. Maðurinn grenntist. Hann varð grannur (/grennri).
 b. Maðurinn fitnaði. Hann varð feitur (/feitari).

Að breyttu breytanda er merkingin sú sama.⁸

2.2 Breytingarsagnir – breytingarmerking

Breytingarsagnir taka með sér einn röklið sem er merkingarfræðilega þolandi eða þema. Hjá þeim er enginn gerandi enda frumlagið tóm en andlagið, sem ekki úthlutar falli, færast í frumlagssætið. Frumlagið er í nefnifalli nema í örfáum tilvikum í þágufalli enda frumlagið lifandi.

Falla- og orðmyndunarkerfið býður upp á mikla notkunarmögu-leika. Dæmin með *leysa*, *losa* og *losna* leiða glögglega í ljós hvernig íslenska nýtir sér fallakerfið og orðmyndunarviðskeyti til að koma merkingu til skila. Því er fróðlegt að skoða setningarnar í (2). Í fremsta dálki eru orsakarsagnirnar *leysa* og *losa* þar sem X er gerandi. Báðar sagnirnar má nota í þolmynd og miðmynd. Myndirnar tvær eiga það sameiginlegt að í hvorugu tilviki er frumlagið gerandi. Munurinn er þó töluverður: Í þolmynd er gerandinn falinn. Í miðmyndinni er enginn gerandi heldur verður frumlagið fyrir áhrifum af því sem gerst hefur, líklegast af sjálfu sér.⁹

- | | | | |
|-----|-----------------------|------------------------|------------------------|
| (2) | GERMYND | ÞOLMYND | MIÐMYND |
| | a. X leysti gátuna. | Gátan var leyst. | Gátan
leystist. |
| | b. X losaði steininn. | Steinninn var losaður. | Steinninn
losaðist. |

Í (3) er staða mála svolítið önnur. Þar eiga setningarnar það sameiginlegt að frumlagið er aldrei gerandi. Í (3a) og (3b) er sögnin *leysa* notuð með aukafallsfrumlögum. Aukafallið eitt útilokar gerandamerkingu. Þemafrumlagið í þolfalli er náttúrufyrirbæri, þágufallsfrumlagið er væntanlega þolandi. Í (3c) og (3d) er sögnin *losna*, algeng *na*-sögn. Í (3d) er *na*-sögn sem *-st* hefur bæst við.

⁸ Lýsingarorðin sem sagnirnar eru í venslum við lýsa oftast en ekki tímabundnum og breytilegum eiginleikum (e. *stage-level adjectives*). Andstæða þeirra eru þau sem tákna varanlega eiginleika (e. *individual-level adjectives*). Um lýsingarorðin sjá Levin og Rappaport Hovav (1995:96).

⁹ Klaiman (2005:45 o.v.; sjá líka Saeed 1997:162), talar í þessu sambandi um e. *affectedness*.

- (3) a. Snjóa leysti.
 b. Konunni leystist höfn.
 c. Steinninn losnaði.
 d. Steinninn losnaðist.

Enda þótt dæmi (3a) og (3c) falli formlega undir germynd teljast þau merkingarlega til hins svokallaða miðmyndarflokks í (2); af sjálfu leiðir að það gera (3b) og (3d) líka. Ekki er annað að sjá en að merking dæmanna í (3c) og (3d) sé ein og hin sama. Hið sama má segja um merkingu setningarinnar *Steinninn losaðist* í (2b).¹⁰ Því vaknar sú spurning hver staða *-na* þá er gagnvart *-st*. En segja má að allt þetta sýni vel hve lítið hald getur verið í hefðbundnum málfræðilegum nafngiftum; er þá vísað til þess hvað telst til miðmyndar. En, eins og Kjartan G. Ottósson (1986:113) segir, þá teljast „*na*-sagnir með miðmyndarmerkingu til eiginlegrar miðmyndar“.

3 Breytingarsagnir og breytingarmerking tjáð með *-st*

3.1 Inngangur

Halldór Ármann Sigurðsson (1989) fjallaði töluvert um *na*-sagnir í doktorsritgerð sinni. Hann gat þess sérstaklega (1989:272) að *sofnast* væri eina dæmið um *-na+st* sem hann þekkti. Hér verður að geta þess að þegar Halldór skrifaði sína ritgerð hafði hann ekki aðgang að þeim dæmasöfnum sem nú eru öllum tiltæk. Áðurnefnda staðhæfingu verður að skoða í því ljósi. Höskuldur Þráinsson (1999:192) kemst svo að orði að *-st* bætist yfirleitt ekki við *na*-sagnir. Jóhannes Gísli Jónsson (2005:396) hafnar tilvist *-na+st*-sagna. Hann getur þess þó (2005:401) að í máli barna megi heyra setningar eins og *Glasið bara brotnaðist* enda skynji börnin vel að frumlagið með *na*-sögn sé ekki gerandi; með því að bæta *-st* við sé næsta öruggt að gerandi hafi ekki komið nærri. En eins og rakið verður hér á eftir segja þessi orð Jóhannesar ekki alla söguna. Því fer nefnilega fjarri að fyrirbærið sé eingöngu bundið við barnamál. Mál barnanna sýnir á hinn bóginn virknina. Hér verður líka að vísa til orða Kjartans Ottóssonar (2013:350) sem segir að „In most but not all cases, an already existing *na*-verb blocks the formation of a Middle verb“; hann nefnir þó engin dæmi. Þessi

¹⁰ Um önnur slík form verður rætt í 4.2.

orð verða þó ekki skilin öðruvísi en svo að fyrirleggjandi *na*-sögn hafi af merkingarlegum ástæðum komið í veg fyrir myndun samsvarandi *st*-sagnar.¹¹

Jóhannes Gísli Jónsson (2005:396) hefur rætt um ýmsar hömlur á miðmynd í þolmyndarmerkingu. Hann segir m.a. að orðasafnshömlur (e. *lexical blocking*) hafi hugsanlega komið í veg fyrir myndun annars orðs sömu merkingar. Hann tekur dæmi af veikni orsakarsögnunum *fjölga*, *bræða* og *sökkva* og segir að ekki sé hægt að nota þessar sagnir í miðmynd, væntanlega vegna þess að sagnirnar tjá þá merkingu á annan hátt, þ.e. með sögnunum *fjölga* (antikásatív), *bráðna* og (sterku sögninni) *sökkva*. Þetta má sjá í (4).

- (4) a. Íbúunum fjölgaði. Ekki: *Íbúarnir fjölgaðist.
 b. Ísinn bráðnaði. Ekki: *Ísinn bráðnaðist.
 c. Skipið sökk. Ekki: *Skipið sökkist.

Skýringin á orðasafnshömlunum dugir þó skammt því að merkingarlega eins orðapör eru alls ekki fá í málinu eins og Jóhannes (2005) bendir á. Og í ljós hefur komið að úr yngra máli má t.d. finna dæmi um *bráðnast*. Dæmið í (5) er af Netinu.¹²

- (5) Best að leifa þessu að bíða í svona 2-3 tíma í ísskáp þá bráðnast þetta allt saman ...
 (*bland.is* 2007)

Til er mikill fjöldi dæma um sagnir sem enda á *-nast*, jafnvel úr elsta máli. Orðmyndunin hefur hins vegar ekki orðið mjög virk fyrr en á seinni árum. Í tímans rás hafa *na*-sagnir ekki verið einar á ferð þar sem sagnir með viðskeytunum *-ga* og *-ka* hafa verið þar með í hóp; um það verður rætt lítillega í 4.2.

Á *Töflu 1* má sjá lista yfir þær 88 sagnir sem enda á *-nast* og fundist hafa.¹³

¹¹ Ekki verður séð að Kjartan (1992) víki nokkurs staðar að *na*-sögnum í doktorsritgerð sinni.

¹² Öll dæmi, hér höfð orðrétt og stafrétt, voru síðast skoðuð í desember 2013 nema annað sé tekið fram.

¹³ Leitin byggðist fyrst og fremst á því safni *na*-sagna sem vísað var til í neðanmálsgrein 2. Tölur geta verið vafasamar, líka hér. Hvað t.d. um *ryðnast*? Um hana hafa engin dæmi fundist en *BÍN* gerir ráð fyrir henni. Og *hugnast*? Bæði Heusler (1950:138) og Iversen (1937:163) nefna hana, sbr. *hugna*. Vafasamt er þó að sögnin teljist breytingarsögn merkingarinnar vegna. Alexander Jóhannesson (1924:307) hefur sögnina *metnask* með *na*-sögnum. Þessi sögn á heldur ekki heima hér enda upphaflega áhrifssögn og notuð í afturbeygðri merkingu.

<i>batnast</i>	<i>glapnast</i>	<i>klofnast</i>	<i>rifnast</i>	<i>sætnast</i>
<i>blánast</i>	<i>gránast</i>	<i>klökknast</i>	<i>rofnast</i>	<i>tognast</i>
<i>bognast</i>	<i>grotnast</i>	<i>koðnast</i>	<i>rotnast</i>	<i>trafnast</i>
<i>bráðnast</i>	<i>grónast</i>	<i>kólnast</i>	<i>sárnast</i>	<i>trénast</i>
<i>brotnast</i>	<i>guggnast</i>	<i>kroknast</i>	<i>setnast</i>	<i>trostnast</i>
<i>dafnast</i>	<i>gulnast</i>	<i>kroppnast</i>	<i>sjatnast</i>	<i>úfnast</i>
<i>dofnast</i>	<i>harðnast</i>	<i>kviknast</i>	<i>skánast</i>	<i>versnast</i>
<i>dragnast</i>	<i>hálnast</i>	<i>lagnast</i>	<i>slagnast</i>	<i>viknast</i>
<i>drukknast</i>	<i>hitnast</i>	<i>lagnast</i>	<i>slaknast</i>	<i>vilnast</i>
<i>dvínast</i>	<i>hjaðnast</i>	<i>lasnast</i>	<i>slitnast</i>	<i>vöknast</i>
<i>fitnast</i>	<i>hjarnast</i>	<i>lagnast</i>	<i>slö/okknast</i>	<i>þagnast</i>
<i>flagnast</i>	<i>hljóðnast</i>	<i>lifnast</i>	<i>sofnast</i> ¹⁴	<i>þornast</i>
<i>flosnast</i>	<i>hlýðnast</i>	<i>losnast</i>	<i>staðnast</i>	<i>þreknast</i>
<i>flotnast</i>	<i>hrörnast</i>	<i>meyrnast</i>	<i>stirðnast</i>	<i>þrútnast</i>
<i>fúnast</i>	<i>hvít(t)nast</i>	<i>mjónast</i>	<i>stífnast</i>	<i>þykknast</i>
<i>fölnast</i>	<i>hyggust</i>	<i>molnast</i>	<i>storknast</i>	<i>örvilst</i> ¹⁵
<i>geldnast</i>	<i>hyrnast</i>	<i>morknast</i>	<i>svignast</i>	
<i>gislust</i>	<i>kafnast</i>	<i>raknast</i>	<i>svínast</i>	

Tafla 1. Listi yfir fyrirleggjandi sagnir sem enda á *-nast*.

Í fjórum tilvikum finnast ekki dæmi um *na*-sögn við hlið *nast*-formsins: *geldnast*, *hyrnast*, *mjónast*, *örvilst*, ekki **geldna*, **hyrna*, **mjóna*, **örvilstna*. Það gæti verið tilviljun. Í öðrum tilvikum, eins og t.d. *lasnast*, er til sögn, *lasna*, sem þó er vart eða ekki notuð.

3.2 Heimildir um sagnir sem enda á *-na+st*

Elstu dæmi sem hér hafa fundist í íslenskum heimildum um sagnir sem enda á *-na+st* eru skv. *ONP* frá um 1200 og upphafi 13. aldar.¹⁶ Þau eru um sagnirnar *örvilst* og *rosknast*. Í (6) er dæmið með *rosknast*:

- (6) En er Þorfinnr iarlil rosnaðiz. þa gerði hann boð til Einars broðvr sins oc beiddi af honom rikis þess er hann þottiz eiga i Orcneyiom. en þat var þriðivngv eyia.

(*Óláfs saga helga* 236⁷ [c1250–1300], Holm þrg 2 4^o)

¹⁴ Myndunarlega séð á *sofnast* heima hér. Spurning er hins vegar um merkinguna.

¹⁵ Sögnin *örvilst* er höfð hér. Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:1229) segir að hún sé líklega nafnleidd, sbr. nafnorðið *vil* og sögnina *vilnast*.

¹⁶ Í *ONP* eru dæmi úr elsta máli allt fram til 1540. Sagt er frá uppruna viðkomandi handrits. Hér er upprunans því aðeins getið sé hann ekki íslenskur og hann talinn skipta máli í fræðilegu samhengi. Mikilvægt er að taka fram að leitin í *ONP* byggðist eingöngu á fyrirleggjandi gagnasafni en ekki heildarathugun á safninu.

Frá 14. öld eru dæmi um *fölnast* og *slagnast* og frá 15. öld t.d. *þykkast*, *hyggast* og *ragnast* enda þótt merkingin sé nú nokkuð fjarlæg.¹⁷

Eftirtaldar sagnir á sagnalistanum eru í ROH:

<i>dafnast</i>	<i>hyggast</i>	<i>losnast</i>	<i>úfnast</i>
<i>dragnast</i>	<i>laknast</i>	<i>rosknast</i>	<i>viknast</i>
<i>gisnast</i>	<i>lasnast</i>	<i>trénast</i>	<i>þreknast</i> ¹⁸
<i>glapnast</i>			

Tafla 2. Sagnir úr ROH sem enda á *-na+st*.

Þrjár sagnanna koma einungis fyrir í ROH. Það eru *gisnast* og *úfnast*, sem báðar er að finna í heimildum frá 20. öld og tengjast veðurfarslýsingum, og *viknast* sem er frá miðri 17. öld. Eitt dæmi er í ROH um hverja sögn.¹⁹

- (7) a. Þa viknadist Holofernís Hiarta / þuiad hann brann af Asterhita til hennar.
(*Þorlákssbiblía* 1644)
- b. Þéttist droparnir, er komin svækja. Gisnist þeir, kemur ysja.
(*HMatthVeð*, 111, 20m)
- c. Þau höfðu eitthvað úfnast undir reiðverunum, það varð að slétta ...
(*Goðast* 1986, 46, 20s)

Í orðabókarhandriti Jóns Ólafssonar úr Grunnavík (Jón Ólafsson [1734–1779]) eru 12 sagnir sem enda á *-nast*. Þetta eru eftirtaldar sagnir:

<i>búnast</i>	<i>glapnast</i>	<i>hyrnast</i>	<i>trénast</i>
<i>fénast</i>	<i>grónast</i>	<i>mjónast</i>	<i>vilnast</i>
<i>geldnast</i>	<i>hyggast</i>	<i>sofnast</i>	<i>örvilnast</i>

Tafla 3. Sagnir úr handriti Jóns Ólafssonar sem enda á *-na+st*.

Fjórar sagnir vekja sérstaka athygli, *geldnast*, *grónast*, *hyrnast* og *mjónast*. Þær eru ekki til í öðrum orðabókarheimildum; *BÍN* gerir þó ráð fyrir *grónast*.

¹⁷ Sagnirnar *fullkommast* og *fullnast* eru mjög gamlar í málinu. Formið fer ekki á milli mála. Það gerir hins vegar merkingin. Sagnirnar eru nánast eingöngu notaðar í trúarlegum textum, sbr. *er þeir dagar fullnuðust þegar þeir dagar voru á enda runnir* eða *spádómurinn fullkomnaðist*.

¹⁸ Í *Íslenskri orðabók* (2002:1828) er *þreknast* en ekki *þrekna*. Í *BÍN* eru bæði formin: *þrekna*, *þreknast*.

¹⁹ Sagnirnar eru svo allar í *BÍN*. Tekið skal fram að í dæmum úr ROH vísar t.d. *f* til fyrsta þriðjungs viðkomandi aldar, *m* til annars þriðjungs en *s* til hins síðasta. Þetta má t.d. sjá í (7).

Á vefnum *Tímarit.is* eru 26 af sögnunum af *Töflu 1*. Þar af eru (a.m.k.) 11 sem aðeins eru þar og er þar átt við ritaðar heimildir. Dæmin eru öll af *Tímarit.is*.²⁰

<i>flotnast</i> (1 dæmi; 1935)	<i>svignast</i> (1 dæmi; 1946)
<i>fúnast</i> (1 dæmi; 1858)	<i>svitnast</i> (1 dæmi; 1975)
<i>harðnast</i> (1 dæmi; 1923)	<i>trostnast</i> (2 dæmi; eldra frá 1935)
<i>morknast</i> (1 dæmi; 2005)	<i>þrotnast</i> (1 (íslenskt) dæmi; 1980)
<i>setnast</i> (3 dæmi; elst frá 1885)	<i>þrútnast</i> (1 dæmi; 1923)
<i>stirðnast</i> (1 dæmi; 1947)	

Tafla 4. Nokkrar sagnir af *Tímarit.is* sem enda á *-na+st*.

Dæmin um *fúnast* og *stirðnast* í (8) eru þau einu sem finnast um sagnirnar. Aðeins ein sögn, *flotnast*, kemur á óvart, merkingarlega séð. Merkingin er að því er virðist 'fljóta'. Þetta má allt sjá í (8); dæmin eru öll af *Tímarit.is*.

- (8) a. Baðstofa 21/2 stafgólf í Leingd 4 al á Breiðd undir súð bigð á Bekk heldur farin að fúnast og þakið ekki rétt gott.

(*Þjóðviljinn* 1960, jólablað 24. des., bls. 15. Texti frá 1858)

- b. En höndin stirðnaðist á miðri leið.

(*Vorið* 1947, 2. tbl., bls. 47)

- c. Þess er ekki að dyljast, að það, sem þessu leikriti fleytist, flotnast því á meðferð leikenda og starfi leikstjórnarinnar ...

(*Vísir* 1935, 2. tbl., bls. 3)

Mjög fáar sagnir eru til í öllum heimildunum (*ONP*, *ROH*, *Tímarit.is*). Það eru t.d. *hyggast*, *losnast*, *rosknast* og *örviltast*. Dæmin á *Tímarit.is* eru nokkuð sér. Þau eiga sér hins vegar mörg samsvörun með dæmum á Netinu.

²⁰ Sögnina *svitnast* er að finna í enskuskotnum gamantexta. Sagnirnar *harðnast*, *morknast*, *svignast* og *trostnast* eru líka á Netinu en þá í einu eða tveimur dæmum; líka *svitnast* en það er sama dæmið og á *Tímarit.is*. Aðeins tvær sagnanna eru í *BÍN*, *setnast* og *trostnast*.

Á Töflu 1 hér á undan er listi yfir þær 88 *nast*-sagnir sem hafa fundist.

Á Netinu og aðeins þar eru 53 þeirra. Þær eru sýndar á Töflu 5.

<i>batnast</i>	<i>gránast</i>	<i>klökknast</i>	<i>raknast</i>	<i>stífnast</i>
<i>blánast</i>	<i>grotnast</i>	<i>koðnast</i>	<i>rifnast</i>	<i>sætnast</i>
<i>bognast</i>	<i>guggnast</i>	<i>kólnast</i>	<i>rofnast</i>	<i>tognast</i>
<i>bráðnast</i>	<i>hálnast</i>	<i>kroknast</i>	<i>rotnast</i>	<i>trafnast</i>
<i>brotnast</i>	<i>hitnast</i>	<i>kroppnast</i>	<i>sárnast</i>	<i>versnast</i>
<i>dofnast</i>	<i>hjaðnast</i>	<i>kvíknast</i>	<i>sjatnast</i>	<i>visnast</i>
<i>drukkast</i>	<i>hjarnast</i>	<i>lagnast</i>	<i>skánast</i>	<i>vöknast</i>
<i>dvínast</i>	<i>hrörnast</i>	<i>lágnast</i>	<i>slaknast</i>	<i>þagnast</i>
<i>fitnast</i>	<i>hýrnast</i>	<i>lifnast</i>	<i>slitnast</i>	<i>þornast</i>
<i>flagnast</i>	<i>kafnast</i>	<i>meyrnast</i>	<i>slö/okknast</i>	
<i>flosnast</i>	<i>klofnast</i>	<i>molnast</i>	<i>storknast</i>	

Tafla 5. Sagnir sem enda á *-na+st* sem einungis fundust á Netinu.

Það vekur athygli hve fjöldi sagnanna er mikill; rúmlega helmingur alls þess hóps sem fundist hefur. Dæmin eru öll nýleg og um langflest sagnorðin eru þau fá, jafnvel aðeins eitt dæmi. Heimildirnar eru af ýmsum toga. En fátt kemur á óvart og raunar tilviljun að dæmin skuli ekki hafa fundist í eldri heimildum. Það á t.d. við um *brotnast*²¹ sem sýnd er í (9) ásamt tveimur öðrum sögnum. Dæmin eru af Netinu.

- (9) a. Ég rann á klaka og datt með báðar hendurnar í klakann en virtist að vinstri handleggurinn brotnaðist í kúlunni, eða brákaðist.

(*spjall.mufo.is* 2008)

- b. Mig langar að hverfa. Burt. Molnast niður í frumeindir.

(*hugi.is*)

- c. ... en eftir smá slagsmál og nýjan router skánaðist þetta nokkuð ...

(*live2cruize.com/spjall/showthread.php/72744* 2009)

Sá mikli sagnafjöldi sem Tafla 5 ber vitni um sýnir svo ekki verður um villst að það er virk myndunarleið í málinu að bæta *-st* við *na*-sögn.

²¹ Elsta fyrirbyggjandi heimild um *brotnast* er raunar úr vesturíslenska blaðinu *Lögbergi* 1946. Þar er talað um glingur sem brotnast, týnist og gleymist fljótt.

3.3 Nokkrir merkingarflokkar

Breytingarsagnir skipa sér í nokkra merkingarflokka. Margar varða líkamann og breytingar á honum, aðrar rotnun, náttúru og dauða. Dæmi um þetta eru t.d. *fitna(st)*, *hrörna(st)*, *rotna(st)* og *visna(st)*; litbreytingarsagnir tengjast oftast en ekki náttúrulegum fyrirbærum, t.d. *blána(st)* og *gulna(st)*. Fjölmargar er erfitt að flokka, t.d. *harðna(st)* og *togna(st)*. Fáar varða tilfinningalegar breytingar, þó t.d. *guggna(st)* og *klökkna(st)*. Raunar er það svo að mjög fáar íslenskar *na*-sagnir tjá tilfinningamerkingu.²² Slík merking var oftast látin í ljós með *-st*. Það sýnir því virkni *st*-viðskeytisins að *na*-sagnir með tilfinningamerkingu skuli hafa bætt við sig *-st*.

Það er einkenni þeirra sagna sem hafa takmarkaða notkun, jafnvel eingöngu notaðar í þriðju persónu, frekar í eintölu en fleirtölu og standa með samnöfnum fremur en sérnöfnum, að gerandi sé hvergi nærri, sbr. skoðanir Dixon (1979:85). Þetta gæti átt við um sagnir sem tákna rotnun og dauða, t.d. *hrörna(st)*, *rotna(st)* og *visna(st)*. Aðrar hafa víðari skírskotun og ganga með fleiri frumlögum, t.d. *batna(st)* og *versna(st)*.

4 Merking – merkingarmunur?

4.1 Er merkingarmunur á breytingarsögnum með eða án *-st*?

Breytingarsagnir lýsa því hvernig ástand breytist. Samkvæmt hefðbundinni greiningu er setning eins og *steinninn losnaði* germynd. Merkingarlegur gerandi er hvergi til staðar. Í 2.2 var því haldið fram að enginn merkingarmunur væri á setningum eins og *steinninn losnaði* og *steinninn losnaðist* enda þótt fyrri setningin falli undir germynd en sú seinni undir miðmynd samkvæmt hefðinni.

Í (10) eru sýnd nokkur dæmi, öll af Netinu, með sögnum sem enda á *-nast*. Í öllum tilvikum geta *st*-lausar myndir sagnanna komið í þeirra stað. Þannig koma þátíðarmyndir *bogna*, *gulna*, *rifna* og *svigna* í stað *st*-myndanna og það á líka við um *batna* en þá hefur frumlagsfallið einnig breyst (*honum batnaði*).

²² Sú merking er hins vegar algeng meðal *na*-sagna í gotnesku; sjá t.d. Kjartan Ottosson (2013:377).

- | | | |
|------|--|----------------------|
| (10) | -nast | -na |
| a. | Fjögurra ára tyrkneskur drengur
batnaðist af H5N1 ... ²³
(<i>hugi.is</i>) | <i>dreng batnaði</i> |
| b. | ... en konur bognast saman.
(<i>skemman.is</i>) | <i>bogna</i> |
| c. | Við þetta rifnast og tætist
suðausturhluti Asíu ...
(<i>vantru.is/2009</i>) | <i>rifnar</i> |

Í öllum dæmunum, (10a-c), gætu *st*-lausar myndir komið í stað þeirra með *-st*. Ekki er heldur hægt að sjá að *st*-myndirnar láti í ljós sérstaka þolmyndarmerkingu.

4.2 aði-sagnir sem tjá breytingarmerkingu með *-st*

Ýmsar *na*-sagnir eru í tengslum við *aði*-sagnir með sama hljóðstigi. Í (2) í 2.2 var sýnd setning með *losast*, *steinninn losaðist*. Það vekur athygli að allmörg dæmi eru þess að orsakarsögn eins og *losa* tjái breytingarmerkingu með *-st*.²⁴ Þegar svo *-st* getur bæst við *-na* eru möguleikarnir orðnir þrír. Í (11) eru þrjú dæmi úr textum frá ýmsum tímum. Dæmi (11b) er af *Tímarit.is*, hin úr *ROH*. Í öllum tilvikum gæti hér komið sögn með breytingarmerkingu, sögn með endingunni *-na* eða *-nast* í staðinn, enda merkingin ein og hin sama.²⁵

²³ Dæmi hafa fundist um ópersónulega notkun *batnast* sambærilega við *batna*. Slík dæmi eru þó ekki mörg. Í dæmi (i) er ástæðan vafalaust sú að frumlagið er skynjandi enda táknar sögnin líkamlega líðan; hér ræður því merkingin, ekki formið.

i. ... honum batnaðist smátt og smátt og hann varð heilbrigður á eftir
(*hestafrettir.is/spjall/2013*)

Því er við að bæta að dæmi er um hið sama hjá sögnum með *-gal-(k)ka+st*, t.d. með sögnunum *fækkast* og *seinkast*. Dæmi (ii) er af *Tímarit.is*.

ii. Seinkaðist honum ferðin ...
(*Norðanfari* 1894, 33.–34. tbl., bls. 65)

²⁴ Jóhannes Gísli Jónsson (2005:401) getur þess að tilvist *na*-sagna eins og t.d. *grána* geri það að verkum að ekki virðist ganga að mynda sögn eins og t.d. **gráast*. Hvort sem dæmið sem slíkt er til eða ekki, breytir það því ekki að fullyrðingin stenst ekki.

²⁵ Það gæti þó í einhverjum tilvikum verið álitamál. Dæmi (iii) er um *hitast*, sbr. *hitna/hitnast*:

iii. Leirtauið hitast ekki jafnt í hitaskúffunni.
(*eirvik.is/?pageid=127*)

- (11) -ast -na/-nast
- a. *batast*, sbr. *BÍN*; *bata* (kásatív) *batna/batnast*
 ... svo batist lönd og lýðir.
 (*JÞorkDigt*n, 405 (um 1620))
- b. *meyrast*, sbr. *meyra* (kásatív) *meyrna/meyrnast*
 Saxið laukinn, merjið hvítlaukinn
 og látið hvort tveggja meyrast
 í olíu á pönnu ...
 (*Þjóðviljinn* 1984, 131. tbl., bls. 15)
- c. *visast*, sbr. *visa* (kásatív) *visna/visnast*
 Mikið var hert af fiski ...
 Hann var lagður á tré
 meðan hann var að visast ...
 (*Goðast* 1980–81, 73, 20s)

Það er ljóst að sú leið til að tákna breytingarmerkingu, sem hér hefur verið lýst, hefur lengi verið til staðar og er enn. Dæmi (11a-c) sýna dreifinguna glögg.

Hér á undan hefur nokkrum sinnum verið minnst á sagnir með viðskeytunum *-gal*/(*k*)*ka*, t.d. *fjölga* og *fækka*. Fjölmörg dæmi eru um að sama/samhljóða sögn, hvort sem hún stýrir falli eða ekki, fái *-st*, sbr. Margréti Jónsdóttur (2015).²⁶ Í (12) eru tvö dæmi, bæði af *Tímarit.is*.

- (12) a. En er fækkast tók um föngin í góðsveitunum, ...
 (*Ísafold* 1892, 12. tbl., bls. 47)
- b. Svo víkkast ljósið, úr tóminu heyrir ég tón.
 (*Morgunblaðið* 2006, 76. tbl., bls. 47)

Hér hafa þrenndir verið kynntar. Þær eru þó alls ekki alltaf til. Í (13) eru nokkur dæmi um breytingarmerkingu þar sem X táknar óskilgreint frumlag.

- (13)
- | | | |
|-------------------------------|--------------------------|---------------|
| <i>A batna/batnast/batast</i> | <i>stirðna/stirðnast</i> | <i>bólгна</i> |
| a. X batnaði | X stirðnaði | X bólгнаði |
| b. X batnaðist | X stirðnaðist | |
| c. X bataðist | | |

²⁶ Þetta gengur þvert á niðurstöður Halldórs Ármanns Sigurðssonar (1989:272) sem sagði að aðeins þær sagnir sem ekki væri hægt að nota í ergatívi merkingu gætu bætt við sig *-st*, sbr. *blíðkast* andspænis **stækkast*, **grænkast*.

B	<i>mjókka/mjökkast</i>	<i>ryðga/ryðgast</i>	<i>blómga/blómgast</i>	<i>stríkka</i>
a.	X mjókkaði e-ð		X blómgaði e-ð	X stríkkaði e-ð
b.	X mjókkaði	X ryðgaði		X stríkkaði
c.	X mjókkaðist	X ryðgaðist	X blómgaðist	

Dæmin sýna að ekkert er algilt. En umfram allt sýna þau áhrifamátt *-st* í tiltekinni merkingu.

4.3 Niðurstaða

Ekki verður séð að *st*-viðskeytið hafi hvorki breytt neinu um breytingarmerkingu *na*-sagna né þeirra sem enda á *-gal*-(*k*)*ka*. Sé almenna reglan sú að *st*-viðskeytið hafi ekki nein áhrif á merkinguna þá vaknar sú spurning hvernig á því standi að það skuli hafa bæst við fyrirbyggjandi viðskeyti. Það er meðal þess sem rætt verður í næsta kafla.

5 Myndunarleg staða *-st* gagnvart *-na*-

5.1 Hlutverk viðskeyta og fjöldi

Hlutverk viðskeyta sem og annarra aðskeyta er í flestum tilvikum nokkuð ljóst: að skila sérstakri merkingu við orðmyndun. Staða viðskeytis eða raunar afstaða þess gagnvart beygingarendingum er svo annað mál. Og þar sem sögn eins og t.d. *brotnast* er upprunalega mynduð með tveimur viðskeytum þarfnast málið sérstakrar athugunar. Umræðan hér á eftir varðar því jafnt orðmyndun sem beygingu.

Fyrsta spurningin er auðvitað sú hvers vegna *na*-sagnir með breytingarmerkingu hafi fengið annað viðskeyti sömu merkingar, bætt því við og þar með endurtekið merkinguna. Haspelmath (1993:298) segir að slíkt gerist þegar hið upprunalega sé óreglulegt og/eða óvirkt en um viðbótina gildi hið gagnstæða. Þetta er nákvæmlega það sem gerst hefur hjá (sumum) *na*-sögnum; það sama á raunar líka við hjá (sumum) sögnum sem enda á *-gal*-(*k*)*ka*. Þetta þarfnast þó nánari skoðunar.

Í umfremdartakmörkun (e. *redundancy restriction*) Lieber (2004:160–166) er gert ráð fyrir því að tvö viðskeyti sömu merkingar bætist ekki við eina og sömu rótina. Þrátt fyrir að tvö viðskeyti geti haft hagnýtt gildi segir hún að greinilegt sé að mál forðist slíkt. Fram kemur að undantekningar frá þessu séu ekki mjög margar.

Fræðilega séð er ekki útilokað að orð hafi tvö viðskeyti sem bæði

túlkuðu hið sama. Það má segja að sé skýr umfremd, sbr. Gardani (2015:539). Slíkt myndi þá skerpa enn frekar á merkingunni, sbr. Gardani (2015:546). Eins er líka hugsanlegt að enda þótt viðskeytin væru tvö væri annað, væntanlega það síðara, merkingarfræðilega tómmt, sbr. Haspelmath (1993).²⁷

Hugmyndir þeirra Gardanis og Haspelmaths eru ekki vænlegar hér. Ástæðan er af tvennum toga. Annars vegar er það vegna þess að nýjar sagnir með breytingarmerkingu eru aldrei með *-na*. Hin ástæðan er sú að börn virðast hneigjast til að skeyta *-st* aftan við breytingarsagnir með *-na*. Eins og oft hefur verið vikið að er líklegasta skýringin sú að *-na* sé ekki lengur virkt sem viðskeyti heldur sé það orðið hluti rótarinnar. Því sé greið leið að bæta við öðru viðskeyti.²⁸

5.2 Viðskeyti og beygingarendingar

Röð viðskeyta er ekki tilviljunarkennd. Almenna reglan er sú að merkingarfræðilegar upplýsingar komi á undan þeim beygingarfræðilegu sem eru í niðurlagi orðsins. Þetta má t.d. lesa hjá Bybee (1985:24 o.v.) þar sem hún gerir grein fyrir tengslum viðskeytis við sagnrót. Hún segir að þar sem viðskeytin hafi áhrif á merkingu rótarinnar standi þau næst henni, nær en t.d. ending fyrir mynd, horf, tíð, persónu eða tölu.²⁹ Hjá Croft (2003:206–209) kemur m.a. fram að í raun og veru byggist þetta á einu (nr. 28) af algildum Greenbergs (1966:93) um að afleiðslumerkið komi á milli rótar og beygingar. Þetta er líka inntakið hjá Haiman (1985:105–108) í „The Distance Principle of Iconicity“ um fjarlægðina (e. *conceptual–distance hypothesis*) sem byggist á því að því nánari sem einingarnar eru að hlutverkum, því nær hvor annarri standi þær. Sjá líka Mairal og Gil (2006:29–30). Ef litið er til íslensku þá má taka dæmi af kyrrstæðu sögninni *vaka* andspænis *vakna* eða

²⁷ Ýmsar fleiri kenningar eru til um hlutverk tveggja viðskeyta. Kroch (1994:180–201), sbr. líka Pintzuk (2003:525) og Hale (2005:172–174), hefur orðið tíðrætt um það sem kallað hefur verið hömlunaráhrif (e. *blocking effect*). Í því felst að í keppni tveggja forma, merkingarlega skyldra eða sem gegni sama hlutverki, verði að lokum annað ofan á í þeirri samkeppni enda leyfi mál ekki tvö form af slíkum toga; samkeppnin er því málfræðileg (e. *grammar competition*).

²⁸ Endurtúlkun á hlutverki viðskeytis er vel þekkt. Það á t.d. við um viðskeytið *-ræmn*. Það eru áttaorðin svokölluðu sem varpa bestu ljósi á það ferli. Sjá nánar hjá Margréti Jónsdóttur (2006:285–299).

²⁹ Bybee (1985:15) tekur dæmi af latnesku ástandssögninni *caleō* ‘ég er heitur’ andspænis *calesō* ‘ég verð heitur’ þar sem *-s*, sjálft breytingarviðskeytið, kemur á undan persónuendingunni en á eftir sagnrótinni.

lýsingarorðinu *grár* og sögninni *grána*. Í báðum tilvikum sést að *n*-ið bætist við rótina.

(14) *kalla/kallast* og *brotna/brotnast* í 1. persónu fleirtölu

A	B	C
a. köllum	köllumst	köllustum
b. brotnum	brotnumst	

Í ljósi þess sem hér hefur komið fram er fróðlegt að líta til sagna í 1. persónu fleirtölu. Í (14) eru sagnirnar *kalla* og *brotna*. A og B sýna 1. persónu fleirtölu með og án *-st*. Í B má sjá að *-st* kemur á eftir fleirtöluendingunni, *köllumst* og *brotnumst*. Það sem greinir þó á milli formanna er að í *brotnumst* eru viðskeytin formlega séð tvö. En eins og hér er haldið fram er *-na* ekki lengur virkt viðskeyti; jafnvel má líta svo á að það sé partur af rótinni. Á hinn bóginn má ekki gleyma því að hefðin er sterk og formið *brotnumst* fylgir henni.

Þá er komið að C, *köllustum*. Sjá má að beygingarendingin og viðskeytið hafa víxlast þannig að merkingarbæra viðskeytið fer á undan; er það í raun og veru eðlileg endurtúlkun vegna orðmyndunartengsla rótar og viðskeytis. Þetta er nákvæmlega sama staða og í lýsingarháttunum *lagstur* (*leggjast*) og *sestur* (*setjast*) þar sem beygingarendingin kemur á eftir orðmyndunarviðskeytinu.³⁰ Með öðrum orðum má segja að *köllustum*, *lagstur* og *sestur* sýni að *-st* sé hluti af stofninum, sé raunverulegt viðskeyti, en dæmin í B sýni á hinn á bóginn að svo sé ekki. Sjá nánar t.d. Anderson (1992:205–206 o.v.).³¹

Vegna *köllustum*, sbr. C (í 14a), verður fastlega að gera ráð fyrir því að sambærileg dæmi *nast*-sagna séu tiltæk þótt ekki hafi þau fundist. Slíkt væri líka eðlilegt enda *-na* ekki lengur viðskeyti heldur hluti rótarinnar og *-st* hið raunverulega viðskeyti. Nafnhátturinn *brotnast* kallar í raun og veru á myndina. Þetta má setja upp með þríliðu eins og sýnt er í (15).

(15) *kallast* og *brotnast* í 1. persónu fleirtölu

A	B	
a. köllumst	köllustum	
b. brotnumst	X	X = brotnustum

³⁰ Hér má vísa til Aronoffs og Fuhrhop (2002:468) sem segja að í þýsku geti síðasta orðmyndunarviðskeytið verið í niðurlagi orðs en þurfi ekki að vera það; á eftir því geti komið beygingarending.

³¹ Kjartan G. Ottósson (1992:209 o.áfr.) ræðir um endinguna *-ustum* (og tilbrigði við hana) í 1. persónu fleirtölu af *st*-sögnum en hún er þekkt frá um 1600. Sjá líka Kjartan G. Ottósson (1987:315). Almenna umræðu um sambærilegt er t.d. að finna hjá Haspelmath (1993:291).

Það er því ekki aðeins merkingarlegt hlutverk viðskeytisins sem skiptir máli heldur líka staða þess. Það að *-na* skyldi tengjast sagnrótinni sýnir mikilvægi þess. Á sama hátt er það eðlilegt að bæti sögnin við sig *-st* sé það sem næst sagnrótinni enda er *-na* þá ekki lengur viðskeyti heldur partur af rótinni; gamla myndunarleiðin er þá óvirk. Því er það einungis *-st* sem er viðskeyti. Þetta skynja m.a. börnin um leið og þau gera sér grein fyrir hlutverki *-st* sem hins virka viðskeytis breytingarmerkingarinnar.

6 Lokaorð

Helstu niðurstöður greinarinnar eru þessar:

- (16) 1. Viðskeytið *-na* var og er enn til sem viðskeyti breytingarsagna. Sem orðmyndunarviðskeyti er það hins vegar ekki lengur virkt og hefur ekki verið lengi.
2. Í viðskeytinu *-st* er (m.a.) fólgin breytingarmerking. Þannig hefur það lengi verið virkt og er enn.
3. Þar sem *-na* er ekki lengur virkt viðskeyti breytist staða þess. Í hugum margra er *-na* því ekki lengur viðskeyti heldur hluti rötunnar. Vegna virkni *st*-viðskeytisins á það greiða leið að stofninum. Sögnin *brotmast* er dæmi um slíkt: rötin er *brotna* en *-st* er viðskeyti.
4. Sagnir sem enda á *-na+st* eru mjög gamlar í málinu en þeim hefur fjölgað mikið á seinni árum.

Þær ályktanir sem hægt er að draga af fyrirbyggjandi gögnum eru þær m.a. að áður nefndar sagnir hafa verið í notkun margar aldir, raunar í elstu ritum. En dæmum hefur fjölgað mjög hin síðari ár enda sagnirnar miklu fleiri en áður. Það má ráða af fjöldanum í *Töflu 5*.

Hér á landi hefur það löngum verið talið mönnum til tekna að vanda mál sitt, tala gott mál, enda þótt skýringin á því hvað sé gott mál liggi ekki á lausu. En þar sem sagnir sem enda á *-nast* geta varla hafa farið fram hjá öllum þeim sem gert hafa tungumálinu skil hafa þær líklega ekki þótt bera góðu máli vitni úr því að þeirra verður lítt eða ekki vart í orðabókum. Samt er það svo að þær er m.a. að finna í rituðu efni af ýmsum toga, sumu allfræðilegu. Þess ber líka að geta að margt er ættað af Netinu. Engin leið er að sniðganga slíkt enda sýnir það kannski best þær breytingar sem í gangi eru. En allt þetta sýnir að *nast*-sagnirnar hafa í raun verið gjaldgengar á hvaða sviði sem er, umdæmishömlurnar eru í sjálfu sér engar.

Þeirri spurningu var varpað fram hvernig á því stæði að *st*-viðskeytið skuli hafa bæst við fyrirbyggjandi viðskeyti en án þess að merkingin hafi breyst. Í þessu sambandi voru ræddar ýmsar kenningar um stöðu tveggja viðskeyta. Flestar kenningar gera ráð fyrir því að mál forðist að láta eitt og sama orðið bera tvö viðskeyti; það á jafnt við orðmyndunarlega séð sem merkingarlega.

Ekki eru neinar heimildir um að breytingarsagnir sem enda á *-nast* hafi algjörlega komið í stað þeirra sem enda á *-na*. Það er hins vegar athyglisvert hve margar *-nast*-sagnanna, jafnt þær sem ætla mætti að væru algengar, t.d. *batnast*, *brotnast* og *versnast*, og þær sem síður teljast svo, eins og t.d. *guggnast*, *meyrnast* og *vöknast*, finnast á Netinu og aðeins þar. Það bendir því til þess að ákveðnar breytingar liggi í loftinu, að staða *-na* sem viðskeytis með breytingarmerkingu sé óviss, það sé í raun óvirkt, og því leysi *-st* það af hólmi. Hvort svo verður og þá hvenær verður tíminn að leiða í ljós. En þessu má lýsa eins og gert er í (17); núverandi ástand er þá einhvers konar millistigi.

(17)	<i>brotna</i>	<i>brotna</i>	<i>brotnast</i>	? <i>brotnast</i>
	þá		nú	verður

Forsenda þess sem hér hefur verið lýst er sú að *-na* sé óvirkt sem viðskeyti. Væri það hins vegar virkt við hliðina á *-st* gæti staðan orðið önnur enda gæti röð viðskeytanna jafnvel víxlast, a.m.k. á einhvers konar millistigi.

Í 2.1 var minnst á nýjar sagnir með viðskeytinu *-st*. Dæmi um slíka sögn er *tanast*. Eins og kunnugt er þá eiga litaorðin gjarnan *na*-sögn sér við hlið, sbr. t.d. *blána*, *grána*, *gulna* og *roðna*; sjá líka *blánast*, *gránast* og *gulnast*. Nafnorðið *drapplitur* er a.m.k. frá síðasta þriðjungi 19. aldar en elstu heimildir um lýsingarorðið *drapp*, sjá líka *drappleitur* og *drapplitur*, eru frá 20. öld af dæmum í *ROH* og *Tímarit.is* að ráða. Engin þekkt sögn er til við hlið þessara orða. En hvernig liti slík sögn út yrði hún til nú? Enda þótt hún tæki mið af öðrum litarorðum er mjög vafasamt að hún yrði **drappna* enda *-na* ekki eða varla lengur frjótt viðskeyti. Langlíklegast er að hún yrði **drappast*. Ekki er þó loku fyrir það skotið að hún yrði **drappnast*.

Heimildir

- Alexander Jóhannesson. 1927. *Die Suffixe im Isländischen*. Halle (Saale):Verlag von Max Niemeyer.
- Anderson, Stephen. R. 1990. The grammar of Icelandic verbs in *-st*. Í: Joan Maling og Annie Zaenen (ritstj.). *Modern Icelandic Syntax*, bls. 235–273. San Diego o.v.: Academic Press.
- Anderson, Stephen R. 1992. *A-Morphous Morphology*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Aronoff, Mark og Nanna Fuhrhop. 2002. Restricting suffix combinations in German and English: closing suffixes and the monosuffix Constraint. *Natural Language & Linguistic Theory* 20,3:451–490.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- BÍN = *Beygingarlýsing íslensks nútímamáls*. Kristín Bjarnadóttir (ritstj.). <http://bin.arnastofnun.is/forsida/>
- Bybee, Joan L. 1985. *Morphology: A Study of the Relation between Meaning and Form*. Amsterdam: John Benjamins.
- Comrie, Bernard. 1981. *Language Universals and Linguistic Typology. Syntax and Morphology*. Oxford: Basil Blackwell.
- Croft, William. 2003. *Typology and Universals*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Dixon, R.M.W. 1979. Ergativity. *Language* 55,1:59–138.
- Gardani, Francesco. 2015. Affix pleonasm. Í: Peter O. Müller o.fl. (ritstj.). *Word Formation. An International Handbook of the Languages of Europe* 1, bls. 537–550. Berlín/Boston: De Gruyter Mouton.
- Greenberg, Joseph H. 1966. Some universals of grammar with particular references to the order of meaningful elements. Í: Joseph H. Greenberg (ritstj.). *Universals of Grammar*, bls. 73–113. Cambridge, Mass.: MIT Press.
- Haiman, John. 1985. *Natural Syntax*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Hale, Mark. 2007. *Historical Linguistics: Theory and Method*. Malden o.v.: Blackwell.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1989. *Verbal Syntax and Case in Icelandic*. Doctoral Dissertation. Lund: University of Lund.
- Haspelmath, Martin. 1987. *Transitivity Alternations of the Anticausative Type*. (Institut für Sprachwissenschaft der Universität zu Köln, Arbeitspapiere N. F. 5.) Köln: Institut für Sprachwissenschaft der Universität zu Köln.
- Haspelmath, Martin. 1993. The diachronic externalization of inflection. *Linguistics*, 31,2:279–310.
- Heusler, Andreas. 1932. *Altisländisches Elementarbuch*. Heidelberg: Carl Winter.
- Hopper, Paul og Elizabeth Closs Traugott. 1993. *Grammaticalization*. Cambridge: Cambridge University Press.

- Höskuldur Þráinsson. 1999. Hvað eru margar tíðir í íslensku og hvernig vitum við það? *Íslenskt mál og almenn málfræði* 21:181–224.
- Iversen, Ragnvald. 1937. *Norron grammatikk. Tredje på nytt gjennemsette utgave.* Oslo: Aschehoug.
- Íslensk orðabók.* 2002. (3. útg., aukin og endurbætt.) Ritstj. Mördur Árnason. Reykjavík: Edda.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2005. Merkingarhlutverk, rökliðir og fallmörkun. Í: Höskuldur Þráinsson. *Setningar. Handbók um setningafræði*, bls. 350–433. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Jón Ólafsson. [1734-1779] *Orðabók.* http://www.arnastofnun.is/page/ordabokarhandrit_jons_olafssonar
- Kjartan G. Ottósson. 1986. Mörk orðmyndunar og beygingar: miðmynd í nútímaíslensku. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 8:63–119.
- Kjartan G. Ottósson. 1987. An archaising aspect of Icelandic purism: The revival of extinct morphological patterns. Í: Pirkko Lilius og Mirja Saari (ritstj.). *The Nordic Languages and Modern Linguistics* 6. Proceedings of the Sixth International Conference of Nordic and General Linguistics in Helsinki, August 18–22, 1986, bls. 311–324. Helsinki: Helsinki University Press.
- Kjartan G. Ottósson. 1992. *The Icelandic Middle Voice: The Morphological and Phonological Development.* Doctoral Dissertation. Lund: University of Lund.
- Kjartan Ottosson. 2008. The Old Nordic Middle Voice in the pre-literary period. Questions of grammaticalisation and cliticisation. Í: Folke Josephson og Ingmar Söhrman (ritstj.). *Interdependence of Diachronic and Synchronic Analysis*, bls. 185–219. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins.
- Kjartan Ottosson. 2013. The Anticausative and related categories in the Old Germanic languages. Í: Folke Josephson og Ingmar Söhrman (ritstj.). *Diachronic and Typological Perspectives on Verbs*, bls. 329–381. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins.
- Klaiman, M.H. 2005. *Grammatical Voice.* Cambridge: Cambridge University Press.
- Kroch, Anthony. 1994. Morphosyntactic variation. Í: K. Beals o.fl. (ritstj.). *Papers from the 30th Regional Meeting of the Chicago Linguistics Society: Parasession on Variation and Linguistic Theory* 2, bls. 180–201. Chicago: Chicago Linguistics Society.
- Levin, Beth og Malka Rappaport Hovav. 1995. *Unaccusativity: At the Syntax-Lexical Semantics Interface.* Cambridge, Massachusetts: The MIT Press.
- Lieber, Rochelle. 2004. *Morphology and Lexical Semantics.* Cambridge: Cambridge University Press.
- Mairal, Ricardo og Juana Gil. 2006. A first look at universals. Í: Ricardo Mairal og Juana Gil (ritstj.). *Linguistic Universals*, bls. 1–45. Cambridge o.v.: Cambridge University Press.

- Margrét Jónsdóttir. 2006. Viðskeytið *-rænn* í íslensku nútímamáli. Í: *Bókmenntaljóðs*. Heiðursrit til Turið Sigurðardóttur, bls. 285–299. Þórshöfn: Felagið Fróðskapur. Faroe University Press.
- Margrét Jónsdóttir. 2015. From accusative to dative (via nominative): The case of *ffölga* ‘increase’ and *fækka* ‘decrease’ in Icelandic. Í: Martin Hilpert o.fl. (ritstj.). *New Trends in Nordic and General Linguistics*, bls. 181–201. Berlín o.v.: De Gruyter.
- ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog*. <http://onp.ku.dk/>
- Pintzuk, Susan. 2003. Variationist approaches to syntactic change. Í: Brian D. Joseph og Richard D. Janda (ritstj.). *The Handbook of Historical Linguistics*, bls. 509–528. Malden o.v.: Blackwell.
- ROH = *Ritmalssafn Orðabókar Háskólans*. http://www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_ritmalssafn
- Saeed, John I. 2003. *Semantics*. Önnur útgáfa. Oxford: Blackwell.
- Slangurorðabók*. <http://slangur.snara.is/>
- Wood, Jim. 2012. *Icelandic Morphosyntax and Argument Structure*. New York University: Doctoral dissertation.

Lykilorð

íslensk málsaga, beygingar- og orðmyndunarfræði, setningafræði

Keywords

history of the Icelandic language, inflectional morphology, word formation, syntax

Abstract

Icelandic has a number of anticausative/inchoative verbs suffixed with *-na*, i.e., verbs like *batna*, *hitna*, *stirðna* ‘become better/warm(er)/stiff(er)’. They are, from a synchronic point of view, all related to adjectives. It has been generally assumed that the *na*-formation and *-st* formation do not combine, in other words, that *na*-verbs can’t be suffixed with *-st* (*sofnast* being an exception). This is mainly based on the assumption that *-na* is a productive suffix forming an agentless verb. The paper concludes that this is not the case. The assumption is that *-na* is not a suffix any longer. Many examples of *st*-cliticized *na*-verbs are found in Icelandic, e.g. *batnast*, *hitnast*, *stirðnast*. They are found in written Icelandic sources, both in the oldest as well as in very young sources of a different kind. For comparison, the behaviour of two verbal groups are discussed in the paper. On the one hand, there are *-k(k)a/-ga*-verbs suffixed with *-st*, having an anticausative/ergative meaning, i.e. *ffölgast* ‘increase’, *stækkast* ‘become big(ger)’. Numerous verbs belong to this group. On the other hand, there is a very small group of verbs, i.e. *batast* ‘become better’, *hitast* ‘become warm(er)’, *meyrast* ‘become tender’; these verbs, that have the same root as the *na*-verbs, are used in an anticausative/ergative meaning and have a causative counterpart as well.

*Margrét Jónsdóttir
Íslensku- og menningardeild
Hugvísindasviði Háskóla Íslands
Árnararði v/Suðurgötu
IS-101 Reykjavík
mjons@hi.is*